



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

09
09 20
21

Bertrand de Billy stjórnar Brahms



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd:

Akademískur hátíðarforleikur: 10'

Básúnukonsert: 18'

Sinfónía: 45'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotyfy má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandicsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Stoltur bakhjarl



Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

09|09

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

Bertrand de Billy stjórnar Brahms

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bertrand de Billy
hljómsveitarstjóri

Jörgen van Rijen
einleikari

Efnisskrá

Johannes Brahms
Akademískur hátíðarforleikur, op. 80 (1880)

Henri Tomasi
Konsert fyrir básúnu og hljómsveit (1956)
Andante et Scherzo-Valse
Nocturnal
Tambourine

Hlé

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 1 í c-moll op. 68 (1862–76)
Un poco sostenuto – Allegro – Meno allegro
Andante sostenuto
Un poco allegretto e grazioso
Adagio – Più andante –
Allegro non troppo ma con brio – Più allegro

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



Bertrand de Billy

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy hefur náð frábærum árangri jafnt sem stjórnandi sinfóníutónleika og í óperuhúsum víða um heim. Hann fæddist í París og hefur starfað sem aðalstjórndandi m.a. við Liceu-óperuna í Barcelona (1999–2004) og Útvarpshljómsveitina í Vínborg (2002–2010). Hann var einnig um árabíl aðalgestastjórndandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Dresden og Kammersveitarinnar í Lausanne.

Bertrand de Billy er eftirsóttur gestastjórndandi framúrskarandi hljómsveita víða um heim. Hann hefur meðal annars stjórnað Cleveland-hljómsveitinni, Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín og Sinfóníuhljómsveit Bæverska útvarpsins auk þess að stjórna óperuflutningi m.a. við Metropolitan-óperuna í New York, Staatsoper í Vínborg og Berlín, La Monnaie í Brussel og Covent Garden í Lundúnum.

Bertrand de Billy hefur tvívegis áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum við afar góðar undirtektir og gegnir stöðu aðalgestastjórndanda SÍ frá 2021 til 2023. Meðal annars mun hljómsveitin flytja allar sinfóníur Johannesar Brahms á fernum tónleikum undir hans stjórn. Hann mun næst stjórna tónleikum í Eldborg í mars 2022 þegar Þýsk sálumessa eftir Brahms verður á efnisskránni.



Jörgen van Rijen

EINLEIKARI

Hollenski básúnuleikarinn Jörgen van Rijen leiðir básúnudeild Concertgebouw-hljómsveitarinnar í Amsterdam, sem talin er ein sú besta í heimi. Hann hóf básúnunám átta ára gamall og hóf háskólanám við Tónlistarháskólann í Rotterdam 16 ára að aldri. Að námi loknu lék hann með Fílharmóníusveitinni í Rotterdam um skeið en tók við stöðu leiðandi básúnuleikara Concertgebouw-sveitarinnar árið 1997.

Jörgen van Rijen hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir leik sinn og hefur starfað náið með samtímatónskáldum eins og James MacMillan og Kalevi Aho. Meðal annars frumflutti hann nýjan básúnukonsert MacMillans með Concertgebouw-sveitinni undir stjórn Iváns Fischer árið 2017. Hann stofnaði básúnuhópinn New Trombone Collective árið 2003 og hefur ferðast með honum víða um heim. Hann hlaut Hollensku tónlistarverðlaunin árið 2004, en þau eru æðsti heiður sem tónlistarmanni getur hlotnast þar í landi.

Jörgen van Rijen hefur leikið básúnukonsert Tomasis margoft með hljómsveitum víða um heim, meðal annars með Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, og kom flutningur hans með þeirri sveit út á geisladiski árið 2005.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék Akadémiska hátíðarforleikinn eftir Brahms fyrst í Austurbæjarbíói 21. maí 1957 og næst í Akureyrarkirkju tíu dögum síðar. Stjórnandi var bandaríski hljómsveitarstjórinn Thor Johnson. Síðan þá hefur verkið hljómað sjö sinnum á tónleikum hljómsveitarinnar, síðast í Hörpu í maí 2019 undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar.

Johannes Brahms

AKADEMÍSKUR HÁTÍÐARFORLEIKUR

Allt frá því á 19. öld hefur það tíðkast að háskólar víða um heim veiti framúrskarandi tónskáldum og öðru tónlistarfólki nafnbótina heiðursdoktor í tónlist fyrir störf sín. Svo aðeins séu nefnd fáein dæmi af handahófi var Þjotr Tsjajkovskíj sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Cambridge-háskólann á Englandi árið 1893, Páll Ísólffsson við Óslóarháskóla árið 1946 og Leonard Bernstein við Harvard árið 1967. Slíkar viðurkenningar tíðkast enn þann dag í dag, til dæmis var Arvo Pärt sæmdur doktorsnafnbót við Oxford-háskólann árið 2016.

Johannes Brahms (1833–1897) komst einnig í hinn eðla flokk heiðursdoktora í tónlist. Árið 1880 ákvað yfirstjórn Háskólans í Breslau – sem í dag er hluti Póllands og nefnist Wrocław – að heiðra tónskáldið með þessum hætti. Brahms taldi nægja að skrifa rektor skólans þakkarbréf, en þar skjátlaðist honum. Eins og hljómsveitarstjórinn Bernard Scholz, sem átti frumkvæðið að tilnefningunni, benti honum á var ætlast til að hann þakkaði fyrir sig með tónverki: ... „skrifaðu góða sinfóníu fyrir okkur, vel útfærða en ekki of þykka“. Háskólanum varð ekki alveg að ósk sinni, því Brahms lét sinfóníuna eiga sig en samdi í staðinn glaðværan forleik um nokkra vinsæla stúdenta- og drykkjusöngva. Eftir stuttan inngang kynna trompetarnir *Wir bauten ein stattliches Haus* (Við byggðum veglegt hús), því næst hljómar í strengjum lagið *Der Landesvater* (Landsfaðirinn) og þar á eftir leika fagott *Was kommt da von der Höh?* (Hvað kemur þarna aðvifandi?) sem er eins konar busasöngur. Úr þessu efni vinnur tónskáldið áður en öll hljómsveitin sameinast í þekktasta laginu, *Gaudeamus igitur*, sem fær glæsilega meðferð og er hápunktur forleiksins.

Akadémiski hátíðarforleikurinn var frumfluttur við sérstaka athöfn Háskólans í Breslau hinn 4. janúar 1881. Brahms stjórnaði sjálfur flutningnum og tók við doktorsnafnbótinni. Sagt er að rektor og prófessorar háskólans hafi verið heldur snúðugir þegar í ljós kom að hátíðlega sinfónían sem vonast hafði verið eftir var ekki annað en léttúðug söngvasyrpa, sem er raunar ein fjórlegasta tónsmíðin sem Brahms samdi um ævina.



Henri Tomasi

BÁSÚNUKONSERT

Henri Tomasi (1901–1971) var eitt þeirra frönsku tónskálda á 20. öld sem sameinaði ómstríðan nútímastíl og lagræna, fremur hefðbundna eiginleika í tónlist sinni. Hann ólst upp í Marseilles en stundaði háskólanám sitt í París og lék á píanó á kaffihúsum til að framfleyta sér. Hann var afkastamikill hljómsveitarstjóri auk tónsmíðanna, og starfaði síðar bæði við Frönsku útvarpshljómsveitina og við Óperuhúsið í Monte Carlo.

Það lá einkar vel fyrir Tomasi að semja konserta fyrir blásturshljóðfæri. Eftir hann liggja konsertar fyrir flautu, óbó, klarínnett, saxófón, fagott, trompet, horn og básúnu. Af þeim er básúnukonsertinn frá árinu 1956 líklega kunnastur, auk konsertsins fyrir trompet sem einnig er einkar vel heppnuð tónsmíð. Tomasi samdi básúnukonsertinn fyrir árlega samkeppni innan Tónlistarháskólans í París, en þar voru iðulega pöntuð hjá ýmsum tónskáldum ný verk sem lögð voru fram sem próf í ólíkum hljóðfæradeildum. Það liggur í hlutarins eðli að slík verk áttu að gera miklar kröfur bæði um tækni og listrænt innsæi einleikarans, eins og sannarlega er raunin í hinum þrælerfiða en áhrifaríka konsert Tomasi.

Verkið er í þremur þáttum og er skemmtileg blanda af frönskum áhrifum og innblæstri frá bandarískri djasstónlist. Sá fyrsti hefst á rólegum nótum sem víkja fyrir lífflegum valsi, en annar þáttur er angurvær og þar bregður fyrir í síðari hlutanum eins konar blús. Lokþátturinn er fjörugastur þeirra allra, léttur og leikandi dans með keim af suðuramerískum hryn.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Básúnukonsert Tomasis hefur einu sinni áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í flutningi Helga Hrafn Jónssonar á einleikaraprófs-tónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1999. Sama ár lék Jón Halldór Finnsson konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Síðast flutti Sinfóníuhljómsveitin verk eftir Henri Tomasi í mars 2015, þegar Hákan Hardenberger lék trompetkonsert hans í Eldborg.

Johannes Brahms

SINFÓNÍA NR. 1

„Ég mun aldrei semja sínfóníu! Þú getur ekki gert þér í hugarlund þér hvernig það er að heyra slíkan risa þrammandi fyrir aftan sig.“ Þannig ritaði Johannes Brahms (1833–1897) tæplega fertugur að aldri, fullur örvæntingar yfir því hvílík ábyrgð fylgdi því að feta í fótspor Beethovens. Sínfóníur þess síðarnefnda voru tónskáldum 19. aldar fyrirmynd og hvergi má betur greina hinn langa skugga Beethovens en í fyrstu sínfóníu Brahms. Brahms var kominn á fimmtugsaldur þegar hann lauk við fyrstu sínfóníu sína; ekkert annað hinna stóru sínfóníuskálda 19. aldar lét biða jafn lengi eftir frumraun sinni í þessu formi. Flestir voru þó sammála um að biðin hefði verið þess virði. Þegar Hans von Bülow kallaði verkið „tíundu sínfóníu Beethovens“ var það meint sem mesta lof sem hugsast gat.

Fram að þessu hafði Brahms notað hvert tækifæri til að þjálfast í hinni sínfónísku list án þess að þurfa að óttast beinan samburð við Beethoven. Píanókonsertinn í d-moll átti upphaflega að verða sínfónía en Brahms skipti um skoðun í miðjum klíðum og bætti píanói við. Tvær serenöður fyrir hljómsveit voru honum einnig hollur skóli, sem og hljómsveitartilbrigði við „stef eftir Joseph Haydn“ (sem þó er alls ekki eftir Haydn) frá árinu 1873. Með fyrstu sínfóníu sinni steig Brahms loks skrefið til fulls en það krafðist þolinmæði. Fyrstu drög að verkinu eru frá árinu 1855 en Brahms dró síðasta taktstrikið árið 1876, rúmum tveimur áratugum síðar og þá 43 ára gamall. Bülow hafði rétt fyrir sér, áhrif Beethovens eru merkjanleg frá fyrsta takti til hins síðasta og þá ekki síst sínfóníur hans nr. 5 og 9.

Fyrstu taktarnir eru þungir og tilfinningahlaðnir. Það tíðkaðist stundum á 18. og 19. öld að tónskáld byrjuðu verk í sönötuformi á hægum inngangi, áður en hinn eiginlegi meginkafli hefist. Meðal kunnari dæma um slíkt eru *Pathétique*-píanósónatan og sjöunda sínfónía Beethovens. Brahms lék þennan leik ekki oft í verkum sínum en hér tekur hann Beethoven sem fyrirmynd. Hraðari hluti þáttarins er kraftmikill, ástríðufullur, jafnvel drungalegur á köflum. Það á ekki síst við um úrvinnsluhlutann um miðbikið, með snörpum styrkleikabreytingum úr sterkasta forte niður í *pianissimo*.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sínfóníuhljómsveit Íslands

hefur leikið fyrstu sínfóníu

Brahms 21 sinni, fyrst árið 1952

í Þjóðleikhúsinu undir stjórn

Olavs Kjelland. Meðal annarra

hljómsveitarstjóra má nefna

Vladimir Ashkenazy (1975 og

aftur 2014), Frank Shipway

(1991), Mikko Franck (1998),

Rumon Gamba (2007) og

Edo de Waart (2019).

Ljúfir miðkaflarnir eru kærkomin hvíld eftir undangengna dramatík. Annar þáttur er upphafin himnasælumúsík, blíður og ástríðufullur til skiptis. Þriðji kafli sinfóníunnar er yfirvegaður og tiltölulega hægur, minnir jafnvel á hin angurværu intermezzo sem Brahms samdi fyrir píanó á efri árum sínum.

Lokaþátturinn tekur upp þráðinn þar sem þeim fyrsta lauk. Tónlistin er um skeið leitandi og stefnulaus, sækir sífellt í sama farið. Heimur Níundu sinfóníu Beethovens er ekki langt undan, hugmyndin um atburðarás sem lýsa má á þann veg að tónlistin sækir úr myrkri í ljós eða að teflt sé fram átökum sem ljúki með fullnaðarsigri. Þegar einleikshorn brýst í gegn með hendingu sem Brahms hafði fyrst nóterað í svissnesku Ölpunum eru áhrifin harla kunnugleg: „O Freunde, nicht diese Töne!“ Hornleiknum lýkur á eins konar spurningu sem strengirnir svara. Öllum áhyggjum er ýtt til hliðar og við tekur bjart og glaðlegt stef sem svipar óneitanlega nokkuð til stefnsins fræga í *Óðinum til gleðinnar*. Þegar kunningi Brahms benti honum á skyldleikann brást hann ókvæða við: „Hvaða bjáni sem er getur nú heyrt það.“

Ekki er þó öllu lokið enn. Brahms var meistari úrvinnslunnar eigi síður en Beethoven og nú tekur við ferðalag um hin ýmsu þrep óvissunnar. Það er ekki fyrr en í stórfenglegu niðurlaginu sem fullnaðarsigur er í höfn og ekki aðeins hvað framvindu verksins sjálfs snertir. Brahms hafði unnið bug á eigin efasemdum og tókst héðan í frá óhræddur á við hið sinfóníska form.

Árni Heimir Ingólfsson

Á DÖFINNI



16|09 **17|09**

FIMMTUDAGUR
KL.19:30

FÖSTUDAGUR
KL.19:30

Níunda sínfónía Beethovens

Eitt helsta stórvirki tónbókmenntanna, 9. sínfónía Beethovens, verður flutt á tvennum tónleikum í næstu viku. Einsöngvarar eru Hallveig Rúnarsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Stuart Skelton og Jóhann Kristinsson, auk þess sem Mótettukórinn og Söngsveitin Filharmónía koma fram með hljómsveitinni. Einnig hljómar Fachwerk eftir Sofiu Gubaidulinu með einum fremsta harmóníkuleikara heims, Geir Draugsvoll. Stjórnandi er Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstóri Sínfóníunnar.



25|09

LAUGARDAGUR
KL.14.00

LITLI TÓNSPROTINN

Undur jarðar með Stjörnu-Sævari

Á fyrstu fjölskyldutónleikum vetrarins í Litla tónsprotanum verður haldið í ferðalag þar sem undur veraldar eru meginsteðið. Stjörnu-Sævar stýrir þessum leiðangri þar sem töfrar jarðar og alheimsins fá nýja vídd litríkum tónverkum, meðal annars eftir John Williams, Richard Strauss, Mozart og Jón Leifs. Fjallstindar, úthöf, eldgos og önnur náttúrufrýrbæri birtast tónleikagestum ljóslifandi á þessum skemmtilegu tónleikum. Hljómsveitarstjóri er Noam Aviel.

09 09 20 21 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pétur Björnsson
Olga Björk Ólafsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laufeig Sigurðardóttir
Andrzej Kleina

2. fiðla

Páll Palomares
Rannveig Marta Sarc
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Gunnhildur Daðadóttir
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Łucja Koczot
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Kathryn Harrison
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Hafís Vigfúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Daniel Egan
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri* og *listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Konilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daníel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Vikíngur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Svanhvít Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgúlfssdóttir *sviðsstjóri*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2021
2022

SVARTA RÖÐIN

Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki. Þrennir hljómsveitar-tónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.



Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050